

Ferðafélag Íslands  
Mörkinni 6  
108 Reykjavík

Reykjavík 13. september 2018  
UST201808-230/L.M.B.  
09.07.01

**Efni: Landmannalaugar, framlenging á leyfi fyrir rafstöðvarhús**

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Ferðafélags Íslands dags. 29. ágúst 2018 um framlengingu á stöðuleyfi fyrir rafstöðvarhús í Landmannalaugum.

Landmannalaugar er hluti af friðlandi að Fjallabaki, sbr. auglýsingur nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask í friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

**Lýsing framkvæmdar:**


Sótt er um framlengingu á tímabundnu leyfi fyrir rafstöðvarhúsi sem staðsett er við varnargarðinn í Landmannalaugum. Sótt er um framlengingu á gildandi leyfi sem Umhverfisstofnun veitti þann 26. október 2017 og gildir til 30. september 2018. Í umsókninni kemur fram að rafstöðin sé nauðsynleg til að halda uppi starfsemi á svæðinu til að dæla vatni til neyslu og til salerna.

**Áhrifamat:**

Eins og kom fram í umsögn Umhverfisstofnunar í júní 2017 þá metur stofnunin að vera hússins hafi frekar neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins þar sem verið er að bæta við byggingu á svæði sem áætlað er að fækka byggingum samkvæmt deiliskipulagi. Umhverfisstofnun telur aftur á móti jákvætt að með veru hússins sé rekstraröryggi rafstöðvarinnar bætt og dregið úr hljóðmengun.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti framlengingu á leyfi fyrir rafstöðvarhúsi í Landmannalaugum, til eins árs, n.t.t. til 30. september 2019. Umhverfisstofnun vísar einnig til ákvörðunar sveitarfélags um sama mál þar sem skipulagsnefnd veitti stöðuleyfi til eins árs.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágútsdóttir  
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson  
Teymisstjóri